



„Skemmtilegar skólalóðir“

Endurgerð grunnskólalóða 2016-2023

Staða og endurmat



15.2. 2023, garðyrkjustjóri

Inngangur

Haustið 2015 var hafinn undirbúningur verkefnisins „skemmtilegar skólalóðir“, en það er samstarfsverkefni umhverfissviðs og menntasviðs Kópavogsbæjar sem lýtur að endurgerð skólalóða bæjarins, gera þær fjölbreyttari og auka notagildið. Verkefnið var tvískipt, í fyrri áfanga voru teknar fyrir grunnskólalóðir og í þeim síðari leikskólalóðir. Vorið 2016 kom út greinargerð starfshóps um "Skemmtilegar skólalóðir í Kópavogi", sem finna má á heimasíðu Kópavogsbæjar, sjá [hér](#). Þar voru, auk ítarlegrar umfjöllunar og greiningar á lóðunum, settar fram tillögur um endurgerð lóðanna. Síðan þá hafa menntaráð og bæjarráð samþykkt tillögur sviðstjóra umhverfissviðs og menntasvið um framkvæmdir hvers árs á grundvelli skýrslunnar og frampróunar verkefnisins. Unnið hefur verið stöðugt að endurbótum lóðanna undanfarin ár og hafa þar orðið miklar breytingar til batnaðar. Verkefnið tekur fyrst og fremst til meiriháttar endurnýjunar og endurbóta lóða, en auk þess er alltaf í gangi reglulegt eftirlit, viðhald og minniháttar lagfæringar. Í viðauka á bls. 7-18 eru loftmyndir af lóðunum frá 2015 og 2022.

Starfshópurinn um „skemmtilegar skólalóðir“ taldi á sínum tíma mikilvægt að mat á lóðunum væri sett fram á hlutlausan og mælanlegan hátt, þ.e. að síðar væri hægt að nota sömu aðferðir og mæla breytingar sem orðið hafa. Búnir voru til 12 mælikvarðar sem notaðir voru við matið. Hér eru þessir 12 mælikvarða settir fram eins og þeir voru í skýrslunni 2016 annars vegar og hins vegar eins og staðan er í dag til samanburðar.

Fjöldi nemenda og stærðir grunnskólalóða

Grunnskólalóðir í Kópavogi tölfræði í mars 2016	Kópavogsskóli		Kársnesskóli		Álfhólsskóli		Snælandsskóli	Smáraskóli	Lindaskóli	Salaskóli	Vatnsendaskóli	Hörðuvallaskóli		SAMTALS
	Skólagerði	Vallagerði	Digranes	Hjalli								Baugakór	Vallakór	
Nemendur 2015-2016, alls	316	237	311	263	398	420	372	496	553	550	779			4.695
Nemendur 2015-2016, 1.-4. bekkur	130	237		263		183	153	177	235	253	360			1.991 42%
Nemendur 2015-2016, 5.-7. bekkur	93		165		228	124	105	166	181	172	250			1.484 32%
Nemendur 2015-2016, 8.-10. bekkur	93		146		170	113	114	153	137	125	169			1.220 26%
Nettóstærð skólalóðar í m ²	15.100	11.010	6.400	13.710	11.790	10.060	12.810	16.430	16.650	17.260	12.500			143.720
m ² af nettóstærð lóðar pr. nem.	48	46	21	52	30	24	34	33	30	31	16			31 M

Grunnskólalóðir í Kópavogi tölfræði í febrúar 2023, samanburður m.v. 2016	Kópavogsskóli		Kársnesskóli		Álfhólsskóli		Snælandsskóli	Smáraskóli	Lindaskóli	Salaskóli	Vatnsendaskóli	Hörðuvallaskóli		SAMTALS
	Skólagerði	Vallagerði	Digranes	Hjalli								Baugakór	Vallakór	
Nemendur 2022-2023, alls	354		657	199	380	458	473	439	564	582	611		250	4.967
Nemendur 2022-2023, 1.-4. bekkur	142		251	199		193	175	171	211	200	323			1.865 38%
Nemendur 2022-2023, 5.-7. bekkur	118		201		181	124	161	122	161	198	288			1.554 31%
Nemendur 2022-2023, 8.-10. bekkur	94		205		199	141	137	146	192	184			250	1.548 31%
Nettóstærð skólalóðar í m ²	14.900		11.800	12.930	11.790	10.060	12.810	16.430	16.430	17.260	12.350		4.100	140.860
m ² af nettóstærð lóðar pr. nem.	42		18	65	31	22	27	37	29	30	20		16	28 M

Tafla 1. Fjöldi nemenda og stærð lóða 2016 og 2023. Gengið er út frá meðaltali 2016 til að sjá betur hvað hefur breyst síðan þá. Metið er: nærri meðaltali, +/-10% (blátt), undir því (gult) og yfir því (grænt). Appelsínugulir reitir eru þeir sem vísa í mælikvarða. Því hærri tala, þeim mun meira pláss.

Á tímabilinu 2016-2023 fjölgaði nemendum í grunnskólum Kópavogs um 272 eða 6%. Fjölgunin var mest í Smáraskóla um 27% og Kársnesskóla um 20%, en minni í öðrum skólum. Fækkun varð í Álfhólsskóla og Lindaskóla. Útileiksvæði grunnskólalóðanna, þ.e. „raunstærð“ lóðar að frádregnum skólabyggingum, bílastæðum o.þ.h., er nokkuð minni nú en 2016 þar sem Kársnesskóli við Skólagerði

var þá meðtalið, þannig að meðalstærð lóðar pr. nemanda minnkar um 10%. Stærðin var að meðaltali 31 m² pr. nemanda árið 2016 en er nú 28 m².

Mesta plássíð er nú sem fyrr í Álfhólsskóla-Digranesi. Var 52 m² pr. nemanda 2016 en hefur aukist í 65 m² vegna fækkunar nemenda. Minnsta plássíð er nú í Hörðuvallaskóla-Vallakór (Kórnum) þar sem eru 16 m² pr. nemanda og í Kársnesskóla eru 18 m².

Leiktæki, leiktækjastig, aldur leiktækja o.fl.

Grunnskólalóðir í Kópavogi - tölfræði í mars 2016	Kópavogsskóli		Kársnesskóli		Álfhólsskóli		Snælandsskóli	Smáaskóli	Lindaskóli	Salaskóli	Vatnsendaaskóli	Hörðuvallaskóli		SAMTALS
	Skólagerði	Vallagerði	Digranes	Hjalli								Baugakór	Vallakór	
Nemendur 2015-2016, alls	316	237	311	263	398	420	372	496	553	550	779			4.695
Leiktæki, stk.	12	12	4	13	8	10	8	16	10	9	12			114
Leiktæki, stig	29	28	14	34	16	24	16	36	28	29	38			292
Aldur leiktækja, eldri en 12 ára	100%	100%	100%	90%	100%	100%	70%	90%	80%	0%	0%			75%
Aldur leiktækja, eldri en 18 ára	50%	60%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%			10%
Fjöldi nemenda pr. leiktæki	26	20	78	20	50	558	47	31	55	61	65			41 ^M
Fjöldi nem. pr. "leiktækjastig"	11	8	22	8	25	233	23	179	20	19	21			16 ^M
Körfur, stk.	3	3	4	3	4	4	7	5	6	3	3			45
Boltamörk, stk.	6	6	4	6	6	6	4	8	4	4	6			60
Fjöldi nemenda pr. körfu	1313	0	323	2.143	1160	1395	904	1288	930	760	1.480			104 ^M
Fjöldi nem. pr. boltamark	657	0	323	1.072	773	930	1583	805	1.395	570	740			78 ^M
Hjólástæði	40	40	73	30	50	68	80	66	107	90	168			812
Fjöldi nemenda pr. hjólástæði	7,9	5,9	4,3	8,8	8,0	6,2	4,7	7,5	5,2	6,1	4,6			5,8 ^M

Grunnskólalóðir í Kópavogi - tölfræði í febrúar 2023, samanburður m.v. 2016	Kópavogsskóli		Kársnesskóli		Álfhólsskóli		Snælandsskóli	Smáaskóli	Lindaskóli	Salaskóli	Vatnsendaaskóli	Hörðuvallaskóli		SAMTALS
	Skólagerði	Vallagerði	Digranes	Hjalli								Baugakór	Vallakór	
Nemendur 2022-2023, alls	354		657	199	380	458	473	439	564	582	611	250		4.967
Leiktæki, stk.	24		16	12	14	17	10	18	29	22	20	2		184
Leiktæki, stig	70		51	43	36	52	35	44	68	58	55	8		520
Aldur leiktækja, eldri en 12 ára	10%		10%	30%	0%	20%	0%	70%	10%	10%	10%	0%		15%
Aldur leiktækja, eldri en 18 ára	0%		10%	10%	0%	20%	0%	70%	0%	0%	0%	0%		10%
Fjöldi nemenda pr. leiktæki	15		41	17	27	27	47	24	19	26	31	125		27 ^M
Fjöldi nem. pr. "leiktækjastig"	5		13	5	11	9	14	10	8	10	11	31		10 ^M
Körfur, stk.	3		10	5	4	5	8	10	8	7	10	2		72
Boltamörk, stk.	4		4	6	6	6	6	10	10	8	10	0		70
Fjöldi nemenda pr. körfu	0		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0		69 ^M
Fjöldi nem. pr. boltamark	0		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0		71 ^M
Hjólástæði	82		152	207	60	165	64	100	114	154	147	124		1.369
Fjöldi nemenda pr. hjólástæði	4,3		4,3	1,0	6,3	2,8	7,4	4,4	4,9	3,8	4,2	2,0		3,6 ^M

Tafla 2. Fjöldi leiktækja og leiktækjastiga og tengsl við fjölda nemenda 2016 og 2023. Gengið er út frá meðaltali 2016 til að sjá betur hvað hefur breyst síðan þá. Metið er: nærri meðaltali, +/-10% (blátt), undir því (gult) og yfir því (grænt). Appelsínugulir reitir eru þeir sem vísa í mælikvarða. Því lægri tala, þ.e. færri nemendur um leiktækin, þeim mun betra.

Listar frá 2016 með yfirliti yfir þau leiktæki sem þá var að finna voru bornar saman við það sem nú er á lóðunum. Leiktækjum á lóðum hefur fjölgað mjög á tímabilinu og mikið hefur verið endurnýjað. Skoðaður var fjöldi nemenda um hvert leiktæki og er meðaltalið nú 27 en var 41 árið 2016 og má því segja að ástandið hafi batnað um þriðjung að meðaltali hvað þetta varðar. Einnig var þetta skoðað út frá mismunandi eðli og gerðar leiktækjanna og þeim gefin stig. Þannig fékk t.d. einföld jafnvæggisslá 1 stig, venjuleg róla 3 stig, klifurtæki 3-6 stig og kastali með rennibraut eða 5-6 stig. Öll leiktæki fengu

Þannig 1-6 „leiktækjastig“. Það hversu margir nemendur voru um hvert leiktækjastig gefur í raun réttari mynd af notagildi heldur en fjöldi tækja. Fjöldi nemenda um hvert leiktækjastig var 16 að meðaltali árið 2016 en er nú 10. Samkvæmt því hefur ástandið að meðaltali jafnvel batnað um ríflega þriðjung.

Jafnframt var skoðaður aldur leiktækjanna, annars vegar hve hátt hlutfall þeirra er eldri en 12 ára, hins vegar eldri en 18 ára. Hlutfall leiktækja eldri en 12 ára hefur á tímabilinu lækkað úr 75% í 15% en leiktæki sem eru eldri en 18 ára eru enn 10%.

Fjöldi nemenda um hvert körfuboltamark og hvert fótoltamark eru tveir mælikvarðanna. Körfum á grunnskólalóðum hefur á árunum 2016-2023 fjölgað um 60%, úr 45 í 70. Nú eru 69 nemendur um hverja körfu en voru 104 árið 2016. Boltamörkum hefur á tímabilinu fjölgað um 17%, úr 60 í 70. Fjöldi nemenda um hvert mark var 78 en er nú 71.

Loks er mælikvarði sem varðar fjölda hjólastæða á lóðum. Árið 2016 voru hjólastæði alls 812 talsins og 5,8 nemendur voru að meðaltali um hvert stæði. Nú eru hjólastæðin 1.369 og 3,6 nemendur um hvert þeirra. Aukningin er um 69% á tímabilinu.

Aðrir þættir á lóðum grunnskóla

En það er fleira en leiktæki á lóð sem var skoðað. Í töflu 3 eru tekin saman fjögur önnur atriði: setaðstaða o.fl., lýsing á lóð, ástand girðinga og almennt ástand lóðar. Í skýrslunni 2016 var ástandið metið í flokkum A, B og C en hér er það sett fram á kvarðanum 1-5 til samræmis við aðra mælikvarða. Meðaltal þessara fjögurra mælikvaða nú er 76% af 100% mögulegum en var 58 árið 2016. Ástandið á grunnskólalóðum hefur því að meðaltali batnað um 30% hvað þetta varðar á tímabilinu.

Grunnskólalóðir í Kópavogi tölfræði í mars 2016	Kópavogsskóli	Kársnesskóli		Álfhólsskóli		Snælandsskóli	Smáraskóli	Lindaskóli	Salaskóli	Vatnsendaskóli	Hörðuvallaskóli		SAMTALS	
		Skólagarði	Vallargarði	Digranes	Hjalli						Baugakór	Vallakór		
Setaðstaða o.fl.	2	2	3	2	3	2	2	3	3	2	3		49%	M
Lýsing	2	3	4	2	2	4	2	4	4	2	4		60%	M
Girðingar	3	3	3	3	3	3	4	3	4	3	4		58%	M
Alm. ástand lóðar	3	3	4	3	3	3	3	4	2	2	3		55%	M
Gervigrasvöllur, hvaða ár gerður	2005		2004	2004	2005		(2004)	2005	2005	2006	2006			
Gervigrasvöllur, ný gerð, hvaða ár														
Körfuboltavöllur, ný gerð, hvaða ár							2015							
Hreystivöllur, hvaða ár gerður								2014						
Hjólabrettasvæði, hvaða ár gert						2002	(2008)							

Grunnskólalóðir í Kópavogi - tölfræði í febrúar 2023, samanburður m.v. 2016	Kópavogsskóli	Kársnesskóli	Álfhólsskóli	Snælandsskóli	Smáraskóli	Lindaskóli	Salaskóli	Vatnsendaskóli	Hörðuvallaskóli	SAMTALS	
	Skólagarði	Vallargarði	Digranes	Hjalli					Baugakór	Vallakór	
Setaðstaða o.fl.	3	3	3	3	4	3	4	4	3	4	69% M
Lýsing	3	4	4	4	4	3	3	4	4	4	75% M
Girðingar	3	3	4	4	3	4	3	4	3	4	71% M
Alm. ástand lóðar	4	4	4	4	4	3	3	4	3	4	75% M
Gervigrasvöllur, hvaða ár gerður	2005	2004	2004	2005	2022	(2004)	2005	2005	2006	2006	
Gervigrasvöllur, ný gerð, hvaða ár							2021	2019	2022	2021	
Körfuboltavöllur, ný gerð, hvaða ár						2015	2020	2017		2018	
Hreystivöllur, hvaða ár gerður				2017			2014	2018	2017		
Hjólabrettasvæði, hvaða ár gert					2002	(2008)					

Tafla 3. Leiktækifæri á grunnskólalóðum 2016 og 2023. Gengið er út frá meðaltali 2016 til að sjá betur hvað hefur breyst síðan þá. Metið er: nærri meðaltali, +/-10%, (blátt), undir því (gult) og yfir því (grænt). Því fleiri stig, þeim mun betra er ástand lóðar. Appelsínugulir reitir eru þeir sem vísa í mælikvarða. Grænir reitir í neðri hluta töflunnar tákna það sem best hefur við á tímabilinu.

Mat á grunnskólalóðum

Í töflu 4. eru heildarniðurstöður matsins settar fram í tölum, bæði eins og þær eru í skýrslunni frá 2016 og í stöðumati 2023. Tekin eru saman stig fyrir hvern flokk og síðan sett fram sem hlutfall af mögulegum hámarksfjölda stiga. Gefin voru 1-5 stig fyrir hvern mælikvarða þar sem ástandið var metið: 1 = mjög slæmt (>30% undir meðaltali), 2 = ekki nógu gott (10-30% undir meðaltali), 3 = í lagi (meðaltal +/- 10%), 4 = gott (>10-30% yfir meðaltali), 5 = mjög gott (>30% yfir meðaltali).

Grunnskólalóðir í Kópavogi - staða og mat í mars 2016	Kópavogsskóli		Kársnesskóli		Álfhólsskóli		Snælandsskóli	Smáraskóli	Lindaskóli	Salaskóli	Varnsendaskóli	Hörðuvallaskóli		Samtals	%
	Skólagerði	Vallagerði	Digranes	Hjalli								Baugakór	Vallakór		
m2 af nettóstærð lóðar pr. nem.	5	5	1	5	2	2	3	3	3	3	3	1		33	60%
Aldur leiktækja, % eldri en 12 ára	2	2	2	2	2	2	3	2	2	2	5	5		29	53%
Aldur leiktækja, % eldri en 18 ára	1	1	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3		29	53%
Fjöldi nemenda pr. leiktæki	5	5	1	5	2	3	2	2	1	1	1	1		28	51%
Fjöldi nemenda pr. "leiktækjastíg"	5	5	1	5	1	3	1	3	2	2	2	2		30	55%
Fjöldi nemenda pr. körfu	3	4	4	4	3	3	5	3	4	1	1	1		35	64%
Fjöldi nemenda pr. boltamark	5	5	3	5	4	3	2	4	1	1	1	1		34	62%
Fjöldi nemenda pr. hjólastæði	1	3	4	1	1	3	4	2	3	3	4			29	53%
Setaðstaða o.fl.	2	2	3	2	3	2	2	3	3	2	3			27	49%
Lýsing	2	3	4	2	2	4	2	4	4	2	4			33	60%
Girðingar	3	3	3	3	3	3	4	3	4	3	4			32	58%
Almennt ástand lóðar	3	3	4	3	3	3	3	4	2	2	3			30	55%
	37	41	33	40	29	34	27	36	32	28	32				
	62%	68%	55%	67%	48%	57%	45%	60%	53%	47%	53%				56%

Grunnskólalóðir í Kópavogi - staða og mat í febrúar 2023	Kópavogsskóli		Kársnesskóli		Álfhólsskóli		Snælandsskóli	Smáraskóli	Lindaskóli	Salaskóli	Varnsendaskóli	Hörðuvallaskóli		Samtals	%
	Skólagerði	Vallagerði	Digranes	Hjalli								Baugakór	Vallakór		
m2 af nettóstærð lóðar pr. nem.	5		1	5	3	2	3	4	3	3	3	1	1	31	56%
Aldur leiktækja, % eldri en 12 ára	5		5	4	5	4	5	3	5	5	5	5	5	51	93%
Aldur leiktækja, % eldri en 18 ára	5		3	3	5	2	5	1	5	5	5	5	5	44	80%
Fjöldi nemenda pr. leiktæki	5		3	5	5	5	2	5	5	5	5	4	1	45	82%
Fjöldi nemenda pr. "leiktækjastíg"	5		4	5	3	4	3	5	5	5	5	5	2	46	84%
Fjöldi nemenda pr. körfu	2		5	5	3	3	5	5	4	5	5	5	1	43	78%
Fjöldi nemenda pr. boltamark	2		1	5	4	3	3	5	4	3	4	4	0	34	62%
Fjöldi nemenda pr. hjólastæði	4		1	5	3	5	1	4	4	4	4	4	5	40	73%
Setaðstaða o.fl.	3		3	3	3	4	3	4	4	4	4	3	4	38	69%
Lýsing	3		4	4	4	4	3	3	4	4	4	4	4	41	75%
Girðingar	3		3	4	4	3	4	3	4	3	3	4	4	39	71%
Almennt ástand lóðar	4		4	4	4	4	3	3	4	3	3	4	4	41	75%
	46		37	52	46	43	40	45	51	49	48	48	36		
	77%		62%	87%	77%	72%	67%	75%	85%	82%	80%	80%	60%		75%

Tafla 4. Mælikvarðar á grunnskólalóðum 2016 og 2023. Að meðaltali hefur ástand lóðanna batnað um þriðjung á tímabilinu, miðað við þessa mælikvarða, mismikið eftir skólum.

Lokaorð


Í tengslum við verkefnið um skemmtilegar skólalóðir var tekin upp ný vinnutilhögun sem fylgt hefur verið síðan. Við meiriháttar endurhönnun og endurgerð skólalóða er skipaður starfshópur um hverja lóð sem samanstendur af fulltrúum umhverfissviðs og menntasviðs, viðkomandi skólastjóra, ásamt fulltrúum kennara og foreldra, auk landslagsarkitekts. Nemendur hafa einnig komið að verkefninu, t.d. með vali á leiktækjum. Þessi tilhögun hefur skilað sér í mikilli ánægju skólasamfélagsins með þær framkvæmdir sem þegar hafa verið unnar og er mikilvægt að haldið sé áfram á þessari braut. Eins og fyrr segir er einnig mikilvægt að breytingar séu mælanlegar og ekki síður að unnið sé með nýjustu upplýsingar hverju sinni. Til þess er þessi samantekt gerð og hún nýtist í áframhaldandi vinnu við endurgerð grunnskólalóðanna, því þó verkefnið sé komið vel af stað er því fjarri því lokið.

15. febrúar 2023,

Friðrik Baldursson garðyrkjustjóri Kópavogsbæjar

Viðauki. Grunnskólalóðir Kópavogsbæjar 2015 og 2022

KÓPAVOGSSKÓLI



Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026

KÁRSNESSKÓLI - SKÓLAGERÐI




Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026

KÁRSNESSKÓLI - VALLARGERÐI




Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026

ÁLFHÓLSSKÓLI - DIGRANES



Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026

ÁLFHÓLSSKÓLI - HJALLI



Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026

SNÆLANDSSKÓLI



Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026

SMÁRASKÓLI



Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026

LINDASKÓLI



Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026

SALASKÓLI



Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026

VATNSENDASKÓLI




Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026

HÖRÐUVALLASKÓLI - BAUGAKÓR



Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026

HÖRÐUVALLASKÓLI – VALLAKÓR (KÓRINN)



Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026